

Áhættuflokkun vegna ofanflóðahættu. Árni Jónsson, Hnit og Sigurður Mar Óskarsson, Vegagerðin - apríl 2019.

Í þessu verkefni er gerð stutt grein fyrir aðferðum sem notaðar eru í Noregi til að skilgreinina áhættu vegfarenda vegna hættu á ofanflóðum. Slík skilgreining hefur ekki verið til héraendis, en áhættan hefur verið metin í hvert skipti fyrir sig.

Í Noregi voru, árið 2014, gefnar út leiðbeiningar um hvernig taka skal tillit til ofanflóða í skipulags- og hönnunarfasa nýrra eða endurbættra vega. Sumarið 2018 voru leiðbeiningarnar endurbættar og stytta og felldar inn í handbókina „N200 Vegbygging“.

Í skýrslunni er farið yfir íslenskar verklagsreglur og leiðbeiningar, þar sem þessi mál eru snert. Hér, eins og í Noregi, eru lög og reglur um mannvirki og byggingu þeirra á ofanflóðasvæðum, þ.e. svæðum þar sem fólk heldur sig á, í lengri eða skemmri tíma. Önnur rök gilda um vegamannvirki, þar sem notandinn hefur alla jafna mjög stutta viðveru á hverjum stað.

Gerð er grein fyrir norsku verklagsreglunum og gerðar tillögur um breytingar á íslenskum leiðbeiningum í ljósi þess. Lagt er til að skerpa á kröfum um mat á ofanflóðahættu á frum- og forhönnunarstigi, m.a. með því að leita skuli til fólks með sérþekkingu á ofanflóðum. Samhliða þessu væri rétt að vinna leiðbeiningar um hvernig mat á náttúruvá/ofanflóðum er unnið. Bent er á að til að byrja með mætti þýða norsku verklagsreglurnar, nota hér í nokkur ár til reynslu og endurskoða þær svo út frá því.